

Múlaþing  
Lyngáasi 12  
700 Egilsstaðir

Reykjavík, 18.3.2024  
UST202301-251/F.T.  
08.14.02

## **Efni: Samþykkt úrbótaáætlun vegna fráviks í eftirliti**

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 23. nóvember 2023 þar sem fram kom að frávik hefðu verið skráð í eftirliti á urðunarstað Múlaþings á Brandsbölum þann 20. september 2023. Þann 5. febrúar 2024 barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

### **Frávikið er eftirfarandi:**

- Gr. 4.2 í starfsleyfi. Í ársskýrslu sem skilað var inn af rekstraraðila, vantar inn mælingar á samsetningu yfirborðsvatns, magni yfirborðsvatns og stöðu grunnvatns sbr. vöktunaráætlun 4.2 í starfsleyfi. Ber að skila niðurstöðum þeirra skráninga í samræmi við 4.4 í starfsleyfi, samhliða skráningaratriðum sem upp eru taldir í 4.1. **Úrbótaáætlun rekstraraðila má sjá á næstu síðu.**

### **Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna fráviksins verða teknar út í næsta eftirliti Umhverfisstofnunar.**

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Halla Margrét Viðarsdóttir  
sérfræðingur

Frigg Thorlacius  
lögfræðingur

## 1. Viðbrögð við fráviki

Frávikið sem lagt var fram í eftirliti og svar Múlaþings við því kemur fram hér að neðan.

- 1. Varðar gr. 4.2 í starfsleyfi. Í ársskýrslu sem skilað var inn af rekstraraðila, vantar inn mælingar á samsetningu yfirborðsvatns, magni yfirborðsvatns og stöðu grunnvatns sbr. vöktunaráætlun 4.2 í starfsleyfi. Ber að skila niðurstöðum þeirra skráninga í samræmi við 4.4 í starfsleyfi, samhliða skráningaratriðum sem upp eru taldir í 4.1.**

Niðurstöður fyrir mælingu á samsetningu grunnvatns á sýnatökustað ofan urðunarstaðar (BF2) og mælingu á samsetningu yfirborðsvatns á sýnatökustað í læk fyrir neðan urðunarstað (BF1) fylgja með úrbótaáætlun í sjálfstæðum skjölum.

Í BF2 mældist hæð grunnvatnsyfirborðs 53 cm þann 26. apríl 2022 og 61 cm þann 5. september 2022.

Við rennismælingu sem átti að framkvæma í júlí reyndist lækur neðan urðunarstaðar þurr og því ekki hægt að framkvæma rennismælingu. Reynt verður að haga rennismælingu á öðrum tíma fyrir næstu skýrsluskil en lítið vatnsmagn á svæðinu veldur reglulegum vandræðum við mælingar. Þá virðast þessar mælingar ekki koma fram í fyrri skýrsluskilum og hefur Umhverfisstofnun ekki gert athugasemdir við það til þessa enda, líkt og áður segir, eru aðstæður til rennismælinga erfiðar þegar ekkert er vatnið.

Sama vandamál á við um nýjan sýnatökustað neðan urðunarstaðar sem er merktur sem BF3 en nokkrar tilraunir voru gerðar við að grafa nýjan sýnatökustað en hvergi unnt að komast í vatn. Sýnatöku á BF3 hefur því ekki verið sinnt vegna ómöguleika við framkvæmd, hvorki samsetningu eða stöðu grunnvatns.

Erfitt er að veita úrbótaáætlun með nákvæmri tímasetningu úrbóta í ljósi vatnsleysis á urðunarstaðnum á Brandsbölum.